



Andrúm Arkitektar unnu hönnunarsamkeppni um nýjan leikskóla



Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri, Magnús Örn Guðmundsson forseti bæjarstjórnar og Gestur Ólafsson formaður dómnefndar með verðlaunahöfum í hönnunarsamkeppninni.

Andrúm Arkitektar hluti fyrstu verðlaun í hönnunarsamkeppni um nýjan leikskóla á Seltjarnarnesi.

Nú stendur yfir sýning á Eiðistorgi á öllum innendum keppnistillögum í hönnunarsamkeppni um nýjan leikskóla. Sýningin var opnuð föstudaginn 17. maí og

við sama tækifæri var tilkynnt um sigurvegarann og veittar viðurkenningar. Áhugi á keppninni var mjög mikill en alls bárust 27 tillögur frá innlendum og erlendum arkitektum.

Framhald á bls. 2

Opið
8-24
alla daga
Á EIÐISTORGI
HAGKAUP



Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík  Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

ÓKEYPIS
GREIÐSLUMAT
Á NETINU

 HÚSNÆÐISÞJÓNUSTA
ÍSLANDBANKA

Netgreiðslumat Íslandsbanka
er endurgjaldslaust til ársloka

 Íslandsbanki

Nesfréttir

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMADUR: Kristján Jóhannsson

BLAÐAMADUR: Þórður Ingimarsson UMBROT: Valur Kristjánsson

NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

Parf að afla meiri tekna?

Hallarekstur Seltjarnarnesbæjar og horfur á áframhaldandi neikvæðum rekstri bæjarfélagsins vekja upp spurningar. Spurningar um á hvaða hátt mæta megi þessum rekstrarhalla. Lögum samkvæmt er ekki leyfilegt að reka sveitarfélög með halla.

Tvær leiðir virðast koma til greina eða þá blanda af þeim báðum. Önnur er að draga úr þjónustu bæjarfélagsins við íbúana. Hin er að auka tekjur. Útsvar er í dag er 13,7% sem er undir því hámarki sem sveitarfélögin hafa heimild til að nýta.

Hvorug þessara leiða er til vinsælda fallin. Fólk vill hafa ákveðna þjónustu frá bæjarfélaginu og ekki mun mælst vel fyrir að draga hana saman. Hvorki í skólamállum, félagsþjónustu eða öðru.

Útsvar á Seltjarnarnesi hefur löngum verið með því lægsta sem gerist meðal sveitarfélaga hér á landi. Bæjarstjórnir hafa í gegnum tíðina lagt mikla áherslu á lága skatta sem er virðingarvert markmið. Nú virðist sem að útgjöld vegna rekstrar og þjónustu bæjarfélagsins krefjast meiri tekna.

Líkur eru til að draga verði úr einhverri þjónustu Seltjarnarnesbæjar og einnig að líta verði til tekna. Slíkt gæti þó verið tímabundin ráðstöfun á meðan verið er að vinna sig frá þeim vanda sem er komin fram.

Framhald af forsíðu.



Verðlaunatilagan frá Andrúum arkitektum.

Tillaga Andrúum arkitekta nefnist Undrabrekka en höfundar hennar eru arkitektarnir Haraldur Örn Jónsson, Hjörtur Hannesson og Kristján Garðarsson. Í umsögn dómnefndar er tekið fram að um mjög metnaðarfulla tillögu sé að ræða. Premur öðrum tillögum voru veitt sérstök verðlaun. Höfundar þeirra eru THG arkitektar, ASK arkitektar ehf og Teiknistofa arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar ehf. Að auki fengu þrjár tillögur viðurkenningu í formi innkaupa, en höfundar þeirra eru teymið Andrei Ducu Pedrescu, Horia Racovitan, Kristín Lýðsdóttir, Lucian Racovitan, Páll Jökull, Philip Rufus, Sarkis Sarkysian og Sigprúður Dóra Jónsdóttir, VA arkitektar og tillage frá Kjellgren Kaminsky Architecture AB, Mareld Landskapsarkitekter AB og Teikn Arkitektþjónustu ehf.

Húsfélagþjónusta Eignaumsjón leiðandi í 17 ár

- ✓ Bókhald og fjármál
- ✓ Húsfélagafundir
- ✓ Mínar síður
- ✓ Húsbók þjónustusaga húss
- ✓ Auk annarrar þjónustu



• EIGNA umsjón www.eignaumsjon.is

HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070



Finndu okkur á
Facebook



www.systrasamlagid.is

VIÐ ÓSKUM SELTJARNARNESBÆ TIL HAMINGJU MEÐ STÆKKUN Á ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐINNI OG NÝTT FIMLEIKAHÚS GRÓTTU



MANNVIT



Hansen verktakar ehf

SAGTÆKNI EHF



Gólflausnir Malland



Ellert Skúlason ehf

Ask arkitektar • Mannvit bruna- og rafmagnshönnun
 Ferill burðarpóls- og lagnahönnun • Efla landslagshönnun
 Strendingur verkfræðisjónusta byggingarstjórn og eftirlit • Rafskoðun rafmagnseftirlit.
 Munck Íslandi aðalverktaki ásamt undirverktökunum: Pipulagningameistarinn
 H&S raflagnir • Múr og málningsþjónustan Höfn máln • Ísloft Blikk og stálsmiðja loftræsing
 Hansen verktakar múrverk • Pons dúklagnir • Tambi þakvinna
 Gólflausnir Malland epoxygólf • Tig-suða stálsmiði • Sagtækni kjarnborun
 Ellert Skúlason niðurrif á eldra húsnæði





Sveitarfélög ráða ekki við rekstur hjúkrunarheimila

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur krafist þess að ríkið gangi til samninga um hækkun á daggjöldum til hjúkrunarheimila til samræmis við raunkostnað. Þá átelur stjórn sambandsins vinnulag velferðarráðuneytisins vegna samninga um dagdvöl aldraða sem eru í uppnámi. Að mati rekstraraðila þarf að hækka daggjöld skv. kostnaðarmati um 30%. Því mati hefur ráðuneytið hafnað án þess að leggja fram annað kostnaðarmat, sem er óboðlegt vinnulag að mati stjórnarinnar.

Mosfellsbær hefur bæst í

hóp fjölda sveitarfélaga sem hafa siglt í strand með rekstur hjúkrunarheimila. Bæjarfélag líkt og Mosfellsbær og Garðabær, sem teljast stöndug bæjarfélög. Magnús Örn Guðmundsson, forseti bæjarstjórnar segir í ljósi þessa hafi bæjarstjórn Seltjarnarness gert það eina rétta að láta ríkinu eftir rekstur heimilisins. Þetta sýni svo ekki verður um villst módelið sem hjúkrunarheimilin eru rekin eftir gangi ekki upp enda greiði sveitarfélög um 1000 milljarða með rekstri þeirra á hverju ári. Þess má geta að um næstu áramót fellur rammasamningur um þjónustu hjúkrunarheimila úr gildi. Samningaviðræður um framlengingu samningsins eru komnar í strand. Engar auknar fjárheimildir er að finna í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2019 og raunar gerð 0,5% aðhaldskrafa til málaflöksins.

PC og Apple tölvuviðgerðir

Fullkomið tölvuverkstæði og margra ára reynsla og þekking fagmanna

TÖLVULAND

Skeljagrandi 1 · 107 Reykjavík
Sími 899 3417 · www.tolvuland.is



Erum á Óðinsgötu 1

Sjá nánar á facebook.com/Systrasamlagid
Netverslun: systrasamlagid.is

Mun Seltjarnarnesbær ekki taka þátt í borgarlínu?



Ekki er gert ráð fyrir neinum fjárveitingum til borgarlínu í fjárhags-áætlun bæjarins fyrir árið 2019 og borgarlínu sé heldur ekki getið í þriggja ára áætlun bæjarins 2020 til 2022. Reykjavíkurborg hefur þegar samþykkt fjárútlát til verkefnisins og búist er við því að Garðabær, Hafnarfjörður og Kópavogur geri það innan skamms, en það veltur þó á jákvæðri afstöðu ríkisins til þátttöku.

Málið verður tekið fyrir á fundi í bæjarráði Seltjarnarness 23. maí n.k. Í bókun meirihlutans frá síðasta ári kom fram að leggja bæri megináherslu á frekari eflingu Strætó og hugmyndir um borgarlínu taldar hæpar einkum út frá forsendum um heildarkostnað, áætlaða nýtingu og rekstrarkostnað. Spurning er einnig um á hvern hátt borgarlína muni nýtast Seltirningum nái hún aðeins út á Eiðistorg. Óvissa ríkir um þátttöku Seltjarnarnesbæjar verkefninu og einnig um hvort bæjarfélagið verði eina sveitarfélagið á höfuðborgarsvæðinu sem ekki muni taka þátt í þessu samgönguverkefni.

Umhverfis dagar á Seltjarnarnesi

Ákveðið að halda Umhverfis daga á Seltjarnarnesi 20. til 27. maí 2019. Bæjarbúar verða hvattir til þess að plokka rusl í nærumhverfi sínu.

Seltirningum gefst kostur á að setja trjágreinar og jarðvegsúrgang í gáma sem staðsettir verða að norðan við smábátahöfnina við Lindarbraut, þjónustumiðstöð við Austurströnd, bílaplani við Sæbraut 2 og Eiðistorgi.



KOMDU MEÐ BÍLINN Í TJÓNASKOÐUN

Vottað réttinga- og málingarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málingarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgeði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Stöðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



Tjónaskoðun

Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatið sem sent er til tryggingafélaga.



Rétting og máling

Við vinnum eftir stöðlum framleiðenda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst ítrustu kröfur.



Framrúðuskipti

Skiptum um framrúður og önnunnt annars konar rúðuskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt limdar rúður sem og aðrar, ásamt glerheirnsun á bil.



Smáviðgerðir

Samhliða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slitflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.



Dragháls 6-8
110 Reykjavík
sími 567 0690
netfang tjon@tjon.is
www.tjon.is

VANNI

MADE IN ITALY, FOR SURE.

Vanni gleraugun eru hágæða ítölsk hönnun sem má helst líkja við ítalska matargerð þar sem öll hráefni eru fengin úr héraði - beint frá bónda.

Þeir eru stoltir af því að hönnun og allt efni í gleraugun eru fengin úr sama héraði á Ítalíu og þau eru framleidd í.



Ítölsk gæði alla leið



Við eigum gott úrval af Vanni umgjörðum. Verið velkomin í búðirnar okkar.



Eyesland · Grandagarði 13 og Glæsibæ, 5. hæð · sími 510 0110 · www.eyesland.is



Vilja þverpólitískan starfshóp um fjármál bæjarins

Bæjarfulltrúar minnihlutans á Seltjarnarnesi vilja setja af stað þverpólitískan starfshóp til að rýna 264 milljón króna hallarekstur bæjarsjóðs. Minnihlutinn í bæjarstjórn segir fjárhagsstöðu bæjarins grafalvarlega og telja vinnubrögð stjórnenda bæjarins óboðleg.

Halli var á rekstri bæjarins upp á 264 milljónir króna í fyrra, eða um 324 milljónum frá áætlun. Ennfremur segja bæjarfulltrúar minnihlutans ljóst að þegar tvö þriggja ára tímabil eru skoðuð – tímabilin frá 2016 til 2018 og 2017 til 2019 sé um neikvæðan rekstrarjöfnuð að ræða. Þetta kemur fram í bókun minnihluta Samfylkingar og Neslista/Viðreisnar á fundi bæjarstjórnar. Þar segir þetta þvert á viðmið sveitarstjórnarlaga sem kveða á um að bæjarstjórn eigi að sjá til þess að rekstrarjöfnuður A og B hluta séu á hverju þriggja ára tímabili jákvæður.

Þessi staða er grafalvarleg og mun ef ekkert verður að gert hafa alvarleg áhrif á getu sveitarfélagsins til að veita íbúum sínum góða þjónustu.

Útsvar langt undir hámarki

Í bókun meirihluta frá sama fundi segir m.a. að rekstrarniðurstaða aðalsjóðs á árinu 2018 skýrist m.a. vegna umframkostnaðar í málefnum fjölskyldusviðs, fræðslusviðs, eignasjóðs og gjaldfærsla vegna Brúar lífeyrissjóðs. Þá hafi börnum fjölgað mikið á leikskólaaldri á liðnu ári sem beri að fagna, en til að halda úti sama þjónustustigi var tekin ákvörðun um að opna þrjár leikskóladeildir og ráða 15 nýja starfsmenn á miðju ári. Þessi ákvörðun hafði í för með sér aukin útgjöld sem ekki var gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Í bókuninni er einnig bent á farið hafi verið í veigamiklar fjárfestingar á liðnu ári en fjárfest var fyrir rúma tvo milljarða og stærsti liðurinn er hjúkrunarheimilið og stækkun íþróttamiðstöðvar. Útsvar á Seltjarnarnesi sé 13,7% sem er langt undir því hámarki sem sveitarfélagin hafa heimild til.

Útnefndir Varðliðar umhverfisins



Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfisráðherra, nemendur ásamt kennurum sínum Drífu og Laufeyju og Bergþóra Njála Guðmundsdóttur, fulltrúa valnefndar.

Nemendur í 9. og 10. bekk Valhúsaskóla unnu með Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna út frá lögmálum nýsköpunar. Krakkarnir fóru í hugmyndavinnu þar sem þeir fundu nýjar lausnir á ólíkum umhverfisvandamálum og bjuggu þannig til vöru, þjónustu eða verkferli sem stuðlar að sjálfbærri þróun.

Meðal nýjunga nemendanna voru fernur fyrir gosdrykki í stað plastflaskna, sólhattur sem um leið umbreytir sólarorku í raforku, leikfangaáskrift og þjónustan „Hundhverfisvænt“, sem gengur út á að hreinsa upp úrgang eftir hunda og nota til þess færri plastpoka en ella.

Nemendur héldu kynningu fyrir fjölskyldur sínar, samnemendur og starfsmenn, voru í sambandi við fyrirtæki, gerðu kannanir og stóðu fyrir undirskriftasöfnunum. Það var mat valnefndar að nemendur í Valhúsaskóla hafi á lausnamiðaðan hátt og með hugmyndaauðgi og sköpunargáfu tekist á við margar af helstu áskorunum samtímans. Þeir hafi lagt sig fram um að kynna lausnir sínar vítt og breitt um nærsamfélag sitt og þannig veitt eldri kynslóðum leiðarljós í því hvernig ná megi markmiðum um sjálfbæra þróun. Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, afhenti viðurkenningarnar við hátíðlega athöfn sem haldin var í Hannesarholti 30. apríl síðastliðinn.

Hitaveitan hætt að prenta út reikninga

Hitaveita Seltjarnarness hætti formlega útprentun reikninga 1. mars síðastliðinn. Reikningar eru aðgengilegir greiðanda rafrænt í gegnum Mínar síður Seltjarnarnesbæjar inn á www.seltjarnarnes.is. Hægt er að óska eftir útprentuðum seðlum hjá þjónustuveri Seltjarnarnesbæjar í síma 59 59 100.



Tónleikar á bæjarskrifstofunni

Þessir ljúfu vorboðar létu sjá sig fyrir skömmu á bæjarskrifstofunni og spiluðu nokkur lög fyrir starfsmenn og gesti.

Þær stóllur Sólveig Þórhallsdóttir, Arna Sif Jóhannsdóttir, Ragnheiður Haraldsdóttir og Arney María Arnarsdóttir sem kölluðu kvartettinn sinn "Geiturnar 3 og 1 kiðlingur" spiluðu afskaplega fallega á þverflauturnar, bæði einar og með Jóni Guðmundssyni kennaranum sínum.

"Geiturnar 3 og 1 kiðlingur" spila á bæjarskrifstofunum.



Margt á döfinni hjá Dansskóla Birnu Björns

Dansskóli Birnu Björns hefur haft í nógu að snúast undanfarna mánuði, þar sem skólinn tók þátt með fimm atriði í undankeppni Dance World Cup á Íslandi og sýndi glæsilega nemendasýningu, Pétur Pan, í Borgarleikhúsinu viku síðar.

Undankeppni Dance World Cup var haldin í fyrsta skipti á Íslandi þann 30. mars í Borgarleikhúsinu þar sem 15 dansskólar kepptu með fjölbreytt atriði í mismunandi keppnisflokkum. Dansskóli Birnu Björns keppti með bæði einstaklings-, tríó- og hópatríði í þremur flokkum; Commercial, Song & Dance og Jazz/Show Dance.

Tuttugu dansarar á leið til Portúgal

Öll atriði Dansskóla Birnu Björns tryggðu sér sæti í landsliði Íslands í danslist og eru tuttugu dansarar dansskólans á leið til Braga í Portúgal ásamt kennurum í lok júní til að keppa í aðalkeppninni. Mikil spennan og tilhlökkun er hjá bæði nemendum og kennurum fyrir því að taka þátt í danskeppni af þessari stærðargráðu í fyrsta skipti, en nokkur þúsund dansarar frá yfir þrjátíu löndum taka þátt í ár.

Dans- og söngleikjasýning í Borgarleikhúsinu

Viku síðar hélt dansskólinn stórglæsilega dans- og söngleikjasýningu í Borgarleikhúsinu, en þemað í ár var Pétur Pan. Fyrir þremur árum,



á tuttugu ára afmæli Dansskóla Birnu Björns, var söngleikjadeild komið á fót í skólanum með því markmiði að samtvinna dansatriði nemendasýningarinnar með leik, söng og dansi. Frá því hefur söngleikjadeildin vaxið hratt og má segja að nemendasýningar skólans séu nú sannkallað dansleikhús.

Þrjár sýningar í röð af Pétri Pan

Í ár sýndu nemendur þrjár sýningar í röð af Pétri Pan fyrir fullum stóra sal Borgarleikhússins, en uppselt var á allar sýningar skólans. Mörg hundruð nemendur og fjölmennir kennarateymi koma að undirbúningi sýningarinnar, sem hófst strax í upphafi vorannar. Að mörgu þarf að huga við uppsetningu sýningar af þessari stærðargráðu, svo sem skrif á handriti og söngtextum, lagaval og samsetning laga, danssmíði dansatriða, hönnun búninga, val á grafík og ljósum, söngupptaka í stúdíói og svo



mætti lengi telja. Bæði kennarar og nemendur lögðu hönd á plóg með þrotlausri vinnu og uppskeran var glæsilegasta nemendasýning skólans til þessa.

Sumarhátíð 26. maí og æfingaferð til London

Aðstandendur Dansskóla Birnu Björns eru himinlifandi með glæsilegan árangur skólans á vorönn á bæði nemendasýningu og í undankeppni Dance World Cup og hlakka til næstu verkefna. Á döfinni hjá dansskólanum eru sumarhátíð þann 26. maí, sumarnámskeið, sem hefjast 27. maí og workshop hjá erlendum gestakennara helgina 31. til 2. júní. Að sumarnámskeiði loknu halda þeir dansarar sem tryggðu sér sæti í danslandsliði Íslands til Portúgal, og loks fer valinn hópur dansara á aldrinum 13 til 15 ára í æfingaferð til London í ágúst, áður en haustönn hefst á ný í september.

UMHVERFISDAGAR Á SELTJARNARNESI 20. - 27. MAÍ 2019

Seltirningum gefst kostur á að setja trjágreinar og jarðvegsúrgang í gáma á fimm stöðum í bæjarfélaginu frá 20. - 27. maí nk.

Gámarnir verða staðsettir við **Smábátahöfnina, á horni Lindarbrautar og Norðurstrandar, Eiðistorgi, Austurströnd 1 (bílaplan) og við Sæbraut 2 (bílaplan)**. Við hvetjum jafnframt bæjarbúa til að huga að umhverfinu og tína upp rusl í bæjarlandinu.

Umhverfisnefnd Seltjarnarness



SELTJARNARNESBÆR



Leiðsögumannaverkefni fyrir flóttafólk

Í sumar og haust er von á kvótaflóttafólki frá löndum í Afríku sem setjast mun að á Seltjarnarnesi. Kvótaflóttafólk eru einstaklingar sem fengið hafa boð frá stjórnvöldum um að setjast hér að og hljóta alþjóðlega vernd á Íslandi. Þetta er fólk sem flúið hefur heimaland sitt og búið í flóttamannabúðum í öðru landi, þaðan sem þau koma til Íslands.

Rauði krossinn leitar nú að Seltirningum sem áhuga hafa á að taka þátt sem sjálfboðaliðar í verkefninu Leiðsögumenn flóttafólks. Markmið verkefnisins er að styðja hina nýkomnu til sjálfstæðis í nýju landi með því að gera þeim kleift að nýta hæfileika sína og þau tækifæri sem eru fyrir hendi til að farnast vel á Íslandi.

Hlutverk sjálfboðaliða í þessu verkefni er að kynnast og aðstoða nýkomna einstaklinga sem hlotið hafa alþjóðlega vernd hér á landi. Leiðsögumaðurinn getur orðið vinur þess nýkomna, svarað spurningum um lífið á Íslandi, æft íslensku eða ensku, talað um íslenska menningu og/eða aðstoðað við praktísk úrlausnarefni eins og atvinnuleit, skólaumsóknir og þýðingu bréfa sem berast á íslensku. Leiðsögumannapörin hittast yfir eins árs tímabil, vikulega eða aðra hverja viku. Þörin geta t.d. hist á bókasafninu, á kaffihúsi,



Hulda, Anifa og Ramadan.
© Mynd: Gabrielle Motola.

heima hjá hver öðrum, eða hvar sem hentar best.

Það eru um 50 leiðsögumannapör virk í verkefninu eins og er, alls 108 fullorðnir einstaklingar og eru sumir með fjölskyldur. Flóttafólkið er af 21 þjóðerni og eru fjölmennustu hóparnir frá Kúrdistan, Afganistan og Sýrlandi. Atli er leiðsögumaður fyrir Hassan, sem kom nýlega frá Sýrlandi: “Það hefur verið mjög ‘inspirerandi’ að kynnast einhverjum sem ég hefði annars ekki kynnst,” segir Atli. Hassan segir: “Atli lætur mér líða eins ég sé hluti af fjölskyldu. Hann kynnir mig fyrir samfélaginu og hjálpar mér við hvaðeina.”

Hulda er leiðsögumaður fyrir Ramadan og Anifu og börnin þeirra. Anifa og Ramadan líta nú á Huldu sem hluta af fjölskyldunni. “Við vinnum



Hassan og Atli.
© Mynd: Gabrielle Motola.

að praktískum hlutum, t.d. leitum að vinnu og könnum hvernig hægt sé að fá erlent bílpróf viðurkennt, en við gerum líka margt skemmtilegt saman. Alltaf þegar ég og börnin mín ætlum að stoppa stutt hjá Anifu og Ramadan endum við á að vera í nokkra klukkutíma, tíminn flýgur áfram,” segir Hulda.

Samskipti eftir að verkefninu lýkur

Mörg leiðsögumannaparanna halda áfram samskiptum eftir að verkefninu lýkur og í sumum tilfellum verða til vinasambönd, eins og hjá Atla and Hassan. Síðasta vetur fluttu þeir Sveinbjörn og Mohammed TEDx fyrirlestur í Tjarnarbió þar sem þeir deildu reynslu sinni af verkefninu. Á TEDx fyrirlestrinum tjáði Mohammed sig um hvernig Leiðsögumannaverkefnið hefur haft áhrif á hann: “Eftir eitt ár er verkefninu lokið. Sambandið milli okkar er ekki lengur á milli flóttamanns og leiðsögumanns flóttamanns. Við erum núna nánir vinir. Ég get sagt



Guðrún, Vera og Marco.
© Mynd: Gabrielle Motola.

að verkefnið Leiðsögumaður flóttafólks hafi breytt lífi mínu.”

Aðrir flóttamenn og leiðsögumenn verkefnisins hafa svipaða sögu að segja. Vera og Spencer og sonur þeirra Marco voru kynnt fyrir Guðrúnu í gegnum verkefnið Leiðsögumenn flóttafólks. Vera: “Guðrún er góður vinur og systir fyrir mér. Hún er alltaf til staðar. Hún gerir allt betra.” Guðrún er sammála um að hún hefur hjálpað Veru og Spencer að taka þátt í íslensku samfélagi. “Margar reglur eru óskrifaðar og þau geta spurt mig hvaða spurninga sem er, t.d. um launakjör og leikskóla. Þegar við hittumst vinnum við stundum að ákveðnum verkefnum eða markmiðum en öðrum stundum hittumst við bara og njótum þess að vera saman. Fjölskyldan mín er orðin fjölskylda þeirra.”

Ef þú hefur áhuga á að gerast leiðsögumaður flóttafólks endilega hafðu samband við Pimm eða Sigrúnu til að skrá þig: pimm@redcross.is eða sigrunera@redcross.is.

Við erum til staðar þegar þú þarft á okkur að halda

Jón G. Bjarnason,
umsjón útfara



Útfararþjónusta
& lögfræðipjónusta

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfara ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

Með kærleik og virðingu

Útfararstofa Kirkjugarðanna

Vesturhlíð 9, Fossvogi | Sími 551 1266 | utfor.is

Umgengni til skammar

Bæjaryfirvöld á Seltjarnarnesi vilja koma þeim tilmælum til bæjarbúa að virða umhverfið og ganga betur um. Einkum á þetta við um umgengni á opnum svæðum og um nytjagáma sem oftast en ekki er til mikillar skammar.

Rusl á að fara ofan í viðeigandi gáma en ekki fyrir framan þá eins og sjá má á myndum sem teknar voru nýlega. Oft er ástandið verra og fólk er verulega misboðið. Vilji þannig til að gámur sé fullur þá er stutt að fara í Sorpu á Grandanum.

Umgengni inni á og við Eiðistorgið sjálft hefur sömuleiðis verið í miklum ólestri og erfitt við það að ráða. Dag eftir dag er búið að færa til bekkí og rusl skilið eftir út um allt þrátt fyrir að bærinn sé alltaf að fjölga ruslafötum inni á torginu.

Tökum höndum saman og setjum ruslið á réttan stað okkur öllum til sóma ... og bendum líka á réttar leikreglur ef við sjáum einhvern/ja stytta sér leið í þessum efnun.



**Foreldrar
verum samtaka**



Útivistarreglurnar

1. maí til 1. september

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 22

13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 24

1. september til 1. maí

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 20

13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 22

Útivistarreglurnar eru samkvæmt barnaverndarlögum. Börn mega ekki vera á almannafæri utan ofangreinds tíma nema í fylgd með fullorðnum. Bregða má út af reglunum þegar börn 13-16 ára eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu. Aldur miðast við fæðingarár.



SAMAN



Ríkislögreglustjórn

Viljum halda okkar einkennum og vera við sjálfir

- spjallað við þjálfara hjá knattspyrnudeild Gróttu

Það er mikið líf á Vivaldivellinum þegar blaðamann Nesfrétta bar að garði á fallegu síðdegi í maí. Örugglega um 60 börn og unglingar að æfa á iðagrænu gervigrasinu. Við höfum mælt okkur mót við þjálfara meistaraflokka Gróttu í knattspyrnu, þá Óskar Hrafn Þorvaldsson og Halldór Árnason sem þjálfar karla-liðið og Magnús Örn Helgason og Pétur Rögnvaldsson sem þjálfar kvennaliðið. Magnús og Óskar eru í hrókasamræðum þegar ég gekk inn í vallahúsið en þeir standa snögglega upp og bjóða mér kaffibolla. Halldór er að klára æfingu hjá 5. flokki karla og Pétur kemur nokkrum mínútum síðar, beint af liðsfundi með stelpunum í 3. flokki.

Ég byrjaði á að spyrja hvort það sé algengt að meistaraflakksþjálfarar séu einnig að þjálfar í yngri flokkunum. „Ég held hreinlega að það sé einsdæmi að báðir aðalþjálfarar og aðstoðarþjálfarar meistaraflakks séu að þjálfar í yngri flokkum eins og hjá Gróttu," segir Halldór sem tók við sem yfirþjálfari yngri flokka síðastliðið haust. „Ég tel að það styrki tengslin á milli yngri og eldri iðkenda og að meiri eining skapist innan deildarinnar. Vandamál Gróttu er hins vegar það að þjálfararnir okkar eru oft að þjálfar of marga flokka sem getur leitt til mikils álags og jafnvel kulnunar í starfi. En menn þurfa að eiga fyrir salti í grautinn og því endar þetta oft svona."



Magnús Örn Helgason.



Óskar Hrafn Þorvaldsson.

Unga kynslóðin bankar á dyrnar

Magnús og Óskar þjálfuðu einmitt 3. flokk karla á síðasta ári og stýrðu A-liði Gróttu alla leið í undanúrslit Íslandsmótsins. „Þetta var frábært tímabil og það eru forréttindi að fá að vinna með þessum strákum," segir Magnús og bætir við: „Þeir eru nú flestir á fullri ferð í annað hvort 2. eða 3. flokki og eru sterk heild þrátt fyrir að spila ekki alltaf á sama stað. Fimm strákar úr þessum hópi fengu tækifæri með meistaraflakki í vetur og þrír léku með U16

ára landsliðinu á dögumum," segir Magnús sem hefur þjálfað stráka og stelpur hjá Gróttu í meira en áratug.

Ánægður með framfarir stelpnanna

Uppgangur kvennaboltans í Gróttu hefur einmitt verið hraður síðustu ár og nú eru leikmenn úr yngri flokka starfinu farnir að skila sér upp í meistaraflakki. Pétur er á sínu fimmta tímabili sem þjálfari í yngri flokkum kvenna og er ánægður með framfarir sinna stelpna. „Það hafa sex stelpur

úr 3. flokki komið við sögu hjá meistaraflakki í vetur og fjórar þeirra æft með yngri landsliðunum. Þessi hópur hefur ekki verið sigursæll í yngri flokkunum og því er sérstaklega gaman að sjá stelpurnar stíga þessi skref og að upplifa viljann sem þær hafa til að bæta sig," segir Pétur.

Inkasso-deildin strákarnir lögðu hart að sér

Talið berst að frábærum árangri meistaraflakks karla sem komst upp í Inkasso-deildina síðasta



Marki fagnað hjá strákunum í meistaraflakki Gróttu.



Marki fagnað hjá stelpunum í meistaraflakki Gróttu.



Halldór Árnason.

sumar með ungt og óreynt lið. Ekki nóg með það heldur vakti leikstíll Gróttu verðskuldaða athygli en strákarnir hikuðu ekki við að taka áhættu í samspili á eigin vallarhelmingi sem ekki er algengt í meistaraflokksfótbolta. Við spyrjum Óskar hver hafi verið lykillinn að árangrinum. „Fyrst og fremst mikill dugnaður strákanna. Þeir lögðu hart að sér og voru hungraðir í að uppskera, sem þeir og gerðu. Við þjálfararnir unnum líka mikið og lögðum metnað í að undirbúa liðið til spila sókn, vörn og hlaupa meira en andstæðingarnir. En heiðurinn er allur hjá þessum hugrökku, ungu mönnum sem voru félaginu sínu til mikils sóma á síðasta ári.

Mikilvægt að hjálpa strákunum að stíga þetta skref

Nú takast Gróttumenn á við nýja áskorun: Inkasso-deildina þar sem fornfræg félög eins og Keflavík, Fram, Þór og Þróttur eru meðal mótherja. Í aðdraganda tímabilsins var mikil hreyfing á leikmannahópum nær allra liðanna nema Gróttu. Óskar Hrafn hefur orðið: „Það voru tveir menn sem lögðu skóna á hilluna í haust, þeir Ásgrímur Gunnarsson og Sindri Már Friðriksson, og við fengum

tvo í staðinn. Þá Axel Sigurðsson og Bjarka Leósson sem báðir hafa komið feikilega sterkir inn í hópinn. Ákveðið var að stóla á mannskapinn sem skilaði félaginu upp um deild síðasta sumar og því mikilvægt að hjálpa strákunum að stíga þetta skref, að spila deild ofar. Hversu mörgum tekst það mun koma í ljós,” segir Óskar.

Vallarhúsið sprungið

Halldór Árnason er uppalinn KR-ingur en starfaði fyrir Stjörnu í Garðabæ áður en hann gekk til liðs við þjálfarateymi Gróttu haustið 2017. Halldór er þó Seltjarnarnesinu að góðu kunnur en foreldrar hans búa í bænum og hann spilaði með Gróttu í bæði 2. og meistaraflokki. „Starfið í Gróttu hefur vakið eftirtekt síðustu árin og því þótti mér mjög spennandi að ráða mig til félagsins. Hér vinna gríðarlega duglegir þjálfarar og stemningin á vellinum er heimilisleg og jákvæð. Mér líður vel í Gróttu og hef notið þess að starfa í bæði meistaraflokki sem og í yngri flokkunum. Það er styrkur fólginu í því hve vel Seltjarnarnes styður við bakið á félaginu. Gervigrasið sem var lagt 2016 er fyrsta flokks og það verður spennandi að sjá nýja lyftingasalinn í íþróttahúsinu. En



Pétur Rögnvaldsson.

betur má ef duga skal og nú þarf með einhverjum hætti að leysa búningsklefandann sem við í knattspyrnueldinni búum við. Frá því að húsið var vígt árið 2009 hefur iðkendum fjölgað verulega og nú þurfa krakkarnir stundum að skipta um fót í boltageymslunni eða í samkomusalnum þegar klefarnir eru uppteknir vegna leikja. Það er staða sem enginn er sáttur við.

Látum ekki stjórnast af ótta

Kvinnalið Gróttu leikur í 2. deild sem er jafnframt neðsta deild Íslandsmótsins. Við spyrjum Magnús hver séu markmið sumarsins. „Við förum ekki í neinar felur með að stefnan er sett upp í Inkasso-deildina. Umhverfið í 2. deild kvenna er sérstakt. Við spilum aðeins 12 leiki, sem er svipað og í 4. flokki, og miklum fjármunum þarf að eyða í ferðalög. Ég tel að Gróttu sé félag sem geti vel spjarað sig deild ofar án þess að falla frá sínum grunnildum.“ Pétur tekur undir þessi orð Magnús og bætir við: „Markið er klárlega sett á efstu tvö sætin í deildinni en við megum samt ekki gleyma því hver við erum og fyrir hvað við stöndum. Við ætlum ekki að pakka í vörn. Við viljum stjórna leikjum og spila skemmtilegan fótbolta,

eins og við höfum reynt að gera allt undirbúningstímabilið. Svo má aldrei gleyma því að hafa gaman af því sem maður er að gera.”

Viljum halda okkar einkennum og vera við sjálfir

Óskar tekur í sama streng og fullvissar blaðamann um að karlalið Gróttu muni ekki breyta um stíl þó að andstæðingarnir verði erfiðir við að eiga. „Við viljum halda okkar einkennum og vera við sjálfir. Leggjum áherslu á að stjórnast ekki af óttanum við að mistakast heldur kjarkinum til að láta hlutina takast. Það er líka mikilvægt að stuðningsmennirnir standi við bakið á okkur eins og í fyrra. Þó að við munum gera vond mistök og gefa mörk, að þá verðum við að horfa á stóru myndina og trúna því að tilgangurinn sé stærri en einn og einn leikur.“

Með þessum lokaorðum kveðjum við fjórmenningana og höldum út í vorkvöldið. Stelpur og strákar í Gróttugöllum spila fótbolta af miklu kappi á vellinum og hafa eflaust ekki miklar áhyggjur af því að koma of seint í kvöldmatinn. Enda engin ástæða til.

FERSKUR FISKUR DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA
VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opið virka daga kl. 10 - 18:30



Ársreikningur Seltjarnarnesbæjar 2018 - er ástæða til að hafa áhyggjur?

Á fundi bæjarstjórnar 8. maí síðastliðinn var ársreikningur bæjarfélagsins fyrir árið 2018 áritaður. Ársreikningurinn endurspeglar mjög alvarlega stöðu fjármála í okkar góða bæ og höfum við þungar áhyggjur af stöðunni.

Seltjarnarnesbær skilar stórfelldu tapi á A sjóði – eða um 264 milljónum króna. Rekstur A sjóðs var rekinn langt fram úr áætlun á flestum liðum mest þó í fræðslumálum, félagsþjónustu og sameiginlegum kostnaði í rekstri skrifstofa. Þessi framúrkeyrsla er ekki á launalið heldur í öðrum kostnaði sem er athyglisvert. Í stuttu máli þá duga tekjur bæjarins ekki fyrir útgjöldum hans. Við erum að taka stór lán fyrir bæði hjúkrunarheimilinu og íþróttahúsinu á sama tíma og við erum að fara stórfellt fram úr áætlunum í rekstri.

Það sem verra er, er að bærinn er að skila tapi á þriggja ára áætlun, þriðja tímabilið í röð þ.e. 2016-2018, 2017-2019 og ef áætlanir ganga eftir líka 2018-2020. Í sveitastjórnarlögum er kveðið á um að bæjarstjórn beri að sjá til þess að A og B hlutar

bæjarins séu reknir hallalaust á hverju þriggja ára tímabili. Lagalega ber sitjandi sveitarstjórn því að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum.

Við teljum að miðað við forsendur sé áætlun ársins 2019 einnig mjög ónákvæm og stórfelldar líkur á að það ár komi enn verr út. Þar má nefna að í ársreikningi er handbært fé við lok árs rúmar 317 milljónir en í áætlun um árið 2019 sem samþykkt var í nóvember er gert ráð fyrir að handbært fé í upphafi árs sé 1.100 milljónir. Þetta er ansi mikill munur og vekur ekki traust á áætlunum og fjármálastjórn bæjarins. Á sama tíma bíða mikilvægar fjárfestingar, til dæmis á enn eftir að byggja íbúðir fyrir fatlað fólk svo og er nýr risaleikskóli í pípunum.

Án traustrar fjármálastjórnar mun þessi vandi vaxa næstu árin. Núverandi ástand kallar á að meirihluti vinni með minnihluta svo hægt verði

að vinda ofan af erfiðri fjárhagsstöðu bæjarins. Skipaður verði þverpólitískur starfshópur til að rýna fjármál bæjarins og utanaðkomandi ráðgjöf fengin til að koma fjárhagnum aftur á lygnan sjó. Til að tryggja stöðugleika viljum við einnig sjá að uppgjör með endurskoðaðri áætlun verði lagt fyrir bæjarstjórn ársfjórðungslega, en bæjarbúar eiga rétt á slíku aðhaldi sé beitt við núverandi aðstæður.

Ef við höldum áfram eins og núna munum við lenda í vanda og bærinn mun ekki geta haldið uppi núverandi þjónustustigi eða þróast inn í framtíðina.

Sigurþóra Bergsdóttir, bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar í bæjarstjórn Seltjarnarnes



Sigurþóra Bergsdóttir.

RECARO

Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMIDURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

MotorMax Smurstöð

Opnunartímar

Virka daga 07:45 til 18:00

Laugardaga 12:00 til 16:00

Engar tímappantanir!



Motormax ehf
Vatnagörðum 12
Sími: 545 4040

Við smyrjum bílinn þinn með hágæða **MOTUL** olíum.

Sigrún Einarsdóttir sýnir hjá Handverki og hönnun á Eiðistorgi

Sýningin nefnist Öðruvísi ólgur

Ólgur eru lífræn form úr gleri sem dansa á mörkum nytja- og skúlptúrs. Í þeim virðir listamaðurinn vilja glersins og leyfir eiginleika þess að njóta sín til fulls. Í þessum nýjustu eintökum er reynt á þölmörk forms og lita/skreytinga.

Sigrún Einarsdóttir glerlistamaður stofnaði glervinnustofuna Gler í Bergvík á Kjalarnesi með Sören Larsen árið 1982, en síðan 2003 hefur hún rekið það ein. Sigrún hefur unnið jöfnum höndum að myndlist og listiðnaði. Hún kemur víða við í myndsköpun sinni, glæðir muni sína fjörugum frásögnum eða lætur þá veða salt milli nytjalistar og skúlptúra. Sigrún hefur unnið veggverk, rýmisverk og skúlptúra, og notar afar fjölbreytta tækni.

Sigrún hefur tekið þátt í fjölmörgum list- og hönnunarsýningum víða um heim, auk þess að hafa haldið nokkrar einkasýningar og hlotið fjölda viðurkenninga fyrir verk sín. Grein um verk hennar hefur birst í hinu þekktu glertímariti New Glass og í samvinnu við Ólöfu Einarsdóttur hefur hún þrisvar fengið birta mynd af verki í hinu eftirsóttu tímariti New Glass Review, sem er í eigu Corning Museum of Glass.



Kunnátta og áralöng reynsla

Í Ólgunum kemur fram áralöng reynsla Sigrúnar af vinnu með glerið, kunnátta og þekking á eiginleikum þess og breytilegu eðli við mismundi hitastig. Hér er engu líkara en undirmeðvitund listakonunnar tengist eðli glersins og skapi lifandi verur, einstaka hverja um sig, þar sem mýkt og sveigjanleiki fá að njóta sín í flæðandi nákvæmni undir fullkominni stjórn listakonunnar. Hvert verk er einstakt,

lífræn formin minna á furðudýr á sjávarbotni, lífrænar himnur eða opin blóm, viðkvæm og sterk í senn.

Sýningin er opin alla virka daga kl. 9-16 en en nýtur sín einnig vel sem gluggasýning þegar lokað er.

NÝTT
SKAPANDI
SUMARNÁMSKEIÐ
 DANSSKÓLA BIRNU BJÖRNS

10. - 14. JÚNÍ
 4 DAGA NÁMSKEIÐ FYRIR 8-12 ÁRA
 KENNT Í ÁSGARÐI, GARÐABÆ

SKAPANDI VINNUSMIÐJUR

DANS	SKÖPUN
DANSSMÍÐI	MYNDBANDSGERÐ
LEIKLIST	BÚNINGAHÖNNUN
SÖNGUR	HÁR & FÖRÐUN
TÓNLIST	ÚTIVIST
SPUNI	VETTANGSFERÐ

SKRÁNING: WWW.DANSSKOLIBB.IS
TAKMARKAÐ PLÁSS!

SUMARNÁMSKEIÐ

DANSSKÓLA BIRNU BJÖRNS

27. MAÍ - 21. JÚNÍ

Í VESTURBÆ / KÓPAVOGI / GARÐABÆ
 JAZZ / LYRICAL / COMMERCIAL / TÆKNI

SKRÁNING HEFST 30. APRÍL
 Á WWW.DANSSKOLIBB.IS
TAKMARKAÐ PLÁSS!



UMHVERFISHORNID



Friðlandið Gróttta og nágrenni

Ferðabann um friðlandið við Gróttu stendur frá 1. maí – 15. júlí ár hvert en utan þess tíma er svæðið öllum opið. Landvörður frá Umhverfisstofnun gætti friðlandsins við upphaf varptímans í fyrsta skipti frá því eyjan var friðlýst árið 1974. Þá munu tveir líffræðinemar við Háskóla Íslands sinna náttúruvörslu og rannsóknun á framgangi fuglavarps og mögulegum hættum er steðja að varpinu í sumar. Óheimilt er að vera með hunda á vestursvæðunum á varptíma og eru kattaeyndur hvattir til þess að setja á ketti sína bjöllu og halda þeim innandyra þar til varptími er yfirstaðinn. Göngum vel um friðlandið og forðumst eftir fremsta megni að trufla fuglalífið.

Vert er að vekja athygli Seltirninga á því að gefa ekki fuglum við Bakkatjörn brauð á sumrin þegar ungar eru að komast á legg. Fuglar laðast að fóðri, sem að þeim er beint, og hefst þá mikið kapphlaup eftir brauðinu. Í hamanginum getur mávurinn skaðað og/eða étíð varnarlausu ungana á meðan mæður þeirra freistast eitt augnablik til þess að ná sér í æti. Fuglinn við Bakkatjörn hefur úr nægu æti að móða yfir sumartímann og því er fóðurgjöf við Bakkatjörn með öllu óþörf.

Undanfarin misseri hafa starfsmenn Þjónustumiðstöðvar Seltjarnarness endurhannað hringtorgið við Snoppu og heppnaðist framkvæmdin með ágætum. Tveimur akkerum hefur verið komið fyrir á hringtorginu og hefur ásýnd svæðisins breyst til hins betra. Þá fjárfesti umhverfisnefnd í efni sem notað var fyrr í mánuðinum til að þetta trónurnar en verkið var unnið af sömu sjálfboðaliðum og endurreistu þær haustið 2016 eftir að þær féllu í ofsavæðri í apríl 2015.

Hannes Tryggvi Hafstein
Formaður umhverfisnefndar



FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BÆJARBÚA

Starfsmenn félags og tómstundastarfsins óska ykkur öllum gleðilegs sumars og þakkar fyrir veturinn. Nú líður að því að hefðbundnu vetrarstarfi ljúki og sumardagskrá taki við í júní, júlí og fram í ágúst.

Aðal breytingin verður sú að námskeiðin í leir, gleri og bókbandi falla niður í sumar en ýmislegt annað verður í boði og einhver dagskrá á hverjum degi. Eins og venja hefur verið undanfarin sumar þá fáum við til liðs við okkur framhaldsskólanemendur sem sjá um starfið í suma.

Það sem liggur fyrir nú þegar, er að boðið verður upp á aðstoð við spjaldtölvur og snjallsíma, farið í göngur, félagsvist, bingó, pútt og botsíma svo eitthvað sé nefnt.

Dagskrá verður gefin út og borin í hús í byrjun júní. Hvetjum við alla eldri borgara og aðstandendur þeirra að fylgjast með dagskránni í sumar sem endranær. Í apríl fengum kynningu á öryggisþjónustu og hjálparkæjum frá Öryggismiðstöðinni. Kynningin var vel sótt og nýttu sér margir viðgerðarþjónustu á göngugrundum sem boðið var upp á í leiðinni. Ýmsar spennandi nýjungar voru kynntar sem koma til framkvæmda á haustmánuðum.

Á mánuðeginum fyrir páska var páskaeggjabinngó í safnaðarheimili kirkjunnar. Bingóið var mjög vel sótt, spenna í loftinu og fullt af flottum páskaeggja og súkkulaðivinningum. Þegar þessar línur eru skrifaðar þá er stutt í vorhátíðina sem haldin verður í salnum á Skólbraut fimmtudaginn 16. maí, en þá komum við saman, fáum heimsókn frá bæði kór og hljómsveit, syngjum, dónsum, og höldum Grillvagns - hamborgarapartí.

Síðan þann 21. maí verður árleg sameiginleg ferð félagsstarfsins og kirkjunnar. Ferðin er dagsferð og er fyrsti áfangastaður safnaðarheimili Árbæjarkirkju þar sem boðið verður upp á morgunverð. Síðan verður farið um Hvalfjarðarsveit og Borgarfjörðinn. Hádegisverður að Hótel Hamri og fleiri staðir heimsóttir.

Næsta skipulagða kvöld með Ungmennaráði og nemendum Valhúsaskóla verður í salnum á Skólbraut miðvikudaginn 22. maí kl. 20.00 og hvetjum við fólk til að mæta og eiga stund með unga fólkinu.

Í samstarfi við golfklúbbinn og Hauk Óskarsson framkvæmdastjóra hefur eldri borgurum verið boðið í aðstöðuna í Risinu. Þar hefur verið púttað í allan vetur á þriðjudagsmorgunum þar sem Hjalti Arnarson, starfsmaður klúbbsins hefur staðið vaktina. Sendum okkar bestu þakki til Hjalta fyrir hans ljúfa viðmót. Í sumar gefst áhugafólki kostur að mæta og púttá á púttsvæðinu við golfskálann á þriðjudögum kl. 13.30. Púttarar á staðnum.

HANDVERKSSÝNING. Dagana 30. og 31. maí og 1. júní verður sýning á handverki eldri borgara sem unnið hefur verið á námskeiðum í leir, gleri, bókbandi og handavinnu í vetur. Sýningin er haldin í salnum á Skólbraut og er opin milli kl. 13.00 og 17.00 alla dagana. Sölubás og vöfflukaffi. Með handverkssýningunni lýkur hefðbundnu vetrarstarfi. Ath. Alla virka morgna í sumar verður kaffi í króknum kl. 10.30. Jóga með Öldu verður í salnum alla mánudags og fimmtudagsmorgna út júnímánuð kl. 11.00.

Fyrsta fimmtudaginn í júní þ.e. 6. júní þá verður félagsvist í salnum á Skólbraut kl. 13.30. Eins og áður hefur komið fram þá verður endanlega dagskrá sumarsins gefin út í byrjun júní.

FALLEGIR LEGSTEINAR



Opið: 10-17
alla virka daga

Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Sjálfbær framtíð kallar á pólitíska áráðni

Breska þingið hefur nú lýst yfir neyðarástandi í umhverfis- og loftslagsmálum en tugir bæja og borga í Bretlandi höfðu áður lýst yfir slíku ástandi. Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfisráðherra, útilokar ekki yfirlýsingu frá íslenskum stjórnvöldum enda loftslagsmál stærsta áskorun 21. aldarinnar.

Þorum við?

Samkeppni um byggingu nýs leikskóla á Seltjarnarnesi er nú á lokastigi. Áætlað er að dómnefnd ljúki störfum um miðjan maí. Auglýst var eftir metnaðarfullum hugmyndum byggðum á gildum skólans, en umhverfismennt er einn af megin þáttum í starfsemi hans sem vottaður er Grænfánaskóli. Á fundi skipulagsnefndar í september 2018 lagði Samfylkingin til að samkeppnistillögur tækju mið af því að ný leikskólabygging yrði umhverfissvöðuð, sú fyrsta sinnar tegundar hér á Seltjarnarnesi. Metnaður bæjarfélagsins var þó ekki meiri en sá að umhverfisnálgun er ekki megin forsenda í vali dómnefndar þar sem aðeins hvatt er til slíkrar nálgunnar í gögnunum.

Fyrir liggur nú deiliskipulagstillaga Byggarða þar sem rísa á um 190 íbúða byggð. Svæðið og umhverfi þess er að mörgu leiti ekki ólíkt Urriðaholti, í nágrennasveitarfélagi okkar Garðabæ. Um er að ræða þéttbýli í náninni tengingu við friðland og eitt helsta útivistasvæði höfuðborgarsvæðisins þar sem ósnortin náttúra og lífræðileg fjölbreytni einkennir umhverfið.

Megin munurinn er þó sá að áherslum í umhverfis- og skipulagsmálum í Urriðaholti hefur verið fylgt

eftir með alþjóðlegu umhverfis- og vistvottunarkerfi BREEAM Communities. Hverfið er það fyrsta hér á landi til að hljóta þessa vottun sem ætlað er að tryggja lífsgæði og umhverfisvernd með vistvænu skipulagi. Það er kappsmál að þar rísi umhverfsvæn byggð í hæsta gæðaflokki, sem hafi sem minnst neikvæð áhrif á umhverfið og stuðli að sjálfbærni.

Getum við?

Þegar er búið að ryðja brautina í umhverfissvænum leiðum í íslenskum byggingariðnaði og hafa margir birgjar byggt upp getu til að bjóða umhverfissvænar byggingarvörur. Í Urriðaholti hafa bæði einbýlishús og nú einnig fyrsta fjölbýlishúsið hlotið Svansvottun, fyrstu sinnar tegundar hérlendis. Viðmið um Svansvottun fyrir nýbyggingar taka til margra ólíkra þátta sem eiga að stuðla að betri gæðum, umhverfi sem og heilsu þeirra sem í þeim búa.

Strangar kröfur eru varðandi efnanotkun, val á byggingarefni og innivist í Svansvottuðum húsum. Við byggingu fyrsta vottaða einbýlishússins í Urriðaholti voru einungis notuð byggingarefni sem ekki höfðu verið meðhöndluð með efnum sem flokkast sem krabbameinsvaldandi eða hafa áhrif á frjósemi. Í efnisvali var miðað við að 70% alls timburs sem notað var í húsið kæmi úr vottaðri og rekjanlegri skógrækt. Einnig var notast við umhverfissvæna steypu sem minkaði kolefnisspor hússins um 40%. Hönnun hússins tók mið af því að hámarkar loftgæði en loftræstikerfi hússins minnar þar að auki orkunotkun um 40%. Birtuskil eru framúrskarandi

en staðsetning glugga hefur til viðbótar orkusparandi áhrif.

Sjálfbærar ofarnvatslausnir tryggja hringrás vatns í umhverfissvötuðum hverfum svo lífríkið í kring raskist ekki. Hönnun lýsingar utanhúss tryggir að náttúruleg birta og stjórnuþjartar nætur fái að njóta sín. Opin svæði eru skipulögð með útiveru í huga og umferðagötur hannaðar fyrir fjölbreyttan samgöngumáta. Áhersla er lögð á vistvænar samgöngur og viðgerðastandar fyrir hjólfreiðafólk og hleðslustöð fyrir rafbíla má finna á bílastæðum. Dreifikerfi rafmagns er 5-víra kerfi sem lágmarkar rafmengun.

Viljum við?

Þegar hefur verið sannreynt að byggingarkostnaður Svansvottaðra einbýlis- og fjölbýlishúsa er sambærilegur og kostnaður við byggingu óvistvænna húsa. Til viðbótar er viðhalds og rekstrarkostnaður slíkra húsa ekki meiri. Samfylkingin vill byggja upp sjálfbært samfélag þar sem jafnvægi ríkir milli efnahagslegra, umhverfislegra, félagslegra og menningarlegra þátta. Umhverfissvottaður leikskóli, Byggarðar og miðbær eru mikilvægur liður í því.

Karen María Jónsdóttir
4. sæti Samfylkingar Seltíminga



Karen María Jónsdóttir.

Ljúffengur kvöldverður

MIMIR.RESTAURANT +354 525 9970 HÓTEL SAGA

Á veitingastaðnum Mimi á Hótel Sögu bjóðum við upp á glæsilegan kvöldverðarseðil með vegan valkostum alla daga vikunar frá kl 18:00 til 22:00. Við bjóðum einnig upp á frábæran „a la carte“ seðil þar sem valið stendur á milli úrvals ljúffengra rétta framleidda af listakokkum.

Einnig viljum við minna á Happy Hour alla daga á milli kl 16:00 og 18:00 og virka daga frá kl 21:00 til 23:00.

Hlökkum til að sjá ykkur!

Aðlögun og sóknarfæri á Nesinu

Undir stjórn sjálfstæðismanna hefur Seltjarnarnes boðið íbúum sínum upp á lægstu útsvarsprósentu sem þekktist í landinu, 13,66%, lægstu fasteignagjöldin og hæstu tómtundastyrkina kr. 50.000-. Halli var á rekstri bæjarins á síðasta ári en við erum bjartsýn á að fjárhagurinn muni vænkast á næstu missurum þegar jafnvægi hefur náðst milli gjalda og útsvarstekna. Rekstur bæjarfélagsins er traustur. Seltjarnarnesbær er með eitt allra lægsta skuldahlutfall allra sveitarfélaga landsins þó að skattar á íbúa séu óviðlaegri.

Ársreikningur Seltjarnarnesbæjar fyrir árið 2018 var samþykktur á fundi bæjarstjórnar 8. maí sl. Fram kom í þeim reikningi að hann gefur glögga mynd af rekstrinum en halli á rekstri bæjarins var samtals 174 mkr. Í þannig árfæri er nauðsynlegt að bæjarstjórn skoði vel reksturinn, leiti til ytri aðila til að horfa inn á við og aðstoða við mat á rekstri bæjarins. Bregðast þarf við og taka stefnumótandi ákvarðanir hvernig snúa megi við þeirri þróun að gjöld fari fram úr tekjum á ársgrundvelli. Svára verður þeirri spurningu hvernig hægt sé að byggja undir þá þjónustu sem bærinn veitir án þess að auka útgjöld og þannig að þjónustan samræmist tekjuflæðinu.

Þrjú milljarðar á þremur árum

Á liðnu ári voru miklar framkvæmdir hjá bænum. Þar var fyrst og fremst um að ræða byggingu hjúkrunarheimilis, sem lauk um áramótin og stækkun á íþróttamiðstöð, sem lokið verður við í sumar. Á síðustu þremur árum hefur verið framkvæmt fyrir rúma þrjú milljarða króna. Reykjavíkurborg tekur þátt í stækkun á

íþróttamiðstöð og ríkið greiðir 85% kostnað við byggingu hjúkrunarheimilisins.

Hátt þjónustustig metnaðarmál

Niðurstaða A- hluta á síðasta ári var halli upp á 264 mkr. sem skýrist eins og fram kemur í ársreikningi bæjarins aðallega af fjórum þáttum:

1. Skólabraut 1, niðurrif á ónýtri fasteign færð út úr bókhaldi bæjarins, fært sem gjöld 49 mkr.
2. Aukin útgjöld á fræðsluviði, m.a. vegna fjölgunar um þrjár leikskóladeildir og niðurgreiðslna til barnafjölskyldna, 111mkr.
3. Ýmiskonar viðhald hjá Eignasjóði, 39 mkr.
4. Málefni fatlaðra og barnaverndarmál, m.a. sérúrræði fyrir börn með fjölpættan vanda, 64 mkr.

Meirihlutinn á Seltjarnarnesi hefur ávallt forgangsraðað í þágu velferðarmála og skólamála. Við höfum metnað fyrir framúrskarandi þjónustu, sem sýnir sig í viðhorfi bæjarbúa í árlegri könnun Gallup meðal sveitarfélaga.

Það er enginn slaki í kerfinu hjá okkur, hátt þjónustustig útskýrir það. Við þurfum á sama tíma og við erum með lægstu útsvarsálagningu að skoða hvernig hægt sé að nýta enn betur tekjur bæjarins. Blikur er á lofti og enginn vafi á því að rekstur sveitarfélaga verður erfiðari í ár en í fyrra. Atvinnuleysi hefur aukist óverulega á Nesinu undanfarna mánuði. Gjaldþrot Wow Air gæti þó haft þau áhrif að atvinnuleysisstig hækki einnig hjá okkur. Það gæti haft áhrif bæði á skatttekjur og velferðarútgjöld. En ég lit bjartsýn fram á veginn.

Bærinn er með eitt besta skuldaviðmið landsins, eða um 38%, og hefur því svigrúm til þess að laga sig að nýjum aðstæðum. Hann hefur einnig mikil sóknarfæri. Skipulagning á nýju íbúasvæði í Byggðörðum er nú í ferli og fjölgun skattgreiðenda því framundan. Bæjaryfirvöld hafa nú tækifæri til að skoða alla innviði bæjarfélagsins með það að markmiði að veita áfram góða og öflugra þjónustu en auka ekki útgjöld bæjarins umfram tekjustofna þess.



Ásgerður Halldórsdóttir.

Ánægja og athafnasemi

Um 85 prósent íbúa Seltjarnarness eru ánægðir með þjónustu sveitarfélagsins samkvæmt árlegri könnun Gallup. Seltjarnarnesbær er fjölmennasti vinnustaðurinn á Nesinu, en þar starfa rúmlega 320 manns. Starfsemin er m.a. grunnskóli, frístund, leikskóli, tónlistarskóli, íþróttamiðstöð, sundlaug, félagsmiðstöð, félagsþjónusta, bókasafn, þjónustumiðstöð og bæjarskrifstofur.

Á heildina litið er Seltjarnarnesbær oftast í efsta sæti stærstu bæjarfélaga landsins, samkvæmt mælingu Gallup, hvað varðar þjónustu og ánægju íbúa með hana. Þessa frábæru niðurstöðu ber að þakka starfsmönnum bæjarins, þar sem áherslan er á skilvirka stjórnun og öflugra þjónustu við íbúa.

Ásgerður Halldórsdóttir
Höfundur er bæjarstjóri á Seltjarnarnesi

Áskoranir framundan

Nú liggur fyrir ársreikningur bæjarins fyrir árið 2018. Niðurstaðan er vonbrigði en hún var neikvæð um 174 milljónir króna. En þrátt fyrir óviðunandi niðurstöðu rekstrar verður að líta til þess að bæjarsjóður stendur enn traustum fótum, skýringar á halla liggja fyrir og úr verður bætt. Skýringarnar eru augljóslega ekki niðurskurður, eins og minnihlutinn vill halda fram.

Þjónusta á hæsta stigi

Ráðist var í myndarlegt átak í tengslum við fjölgun barnafjölskyldna í bænum. Nýr leikskóli, Fagrabrekka, reis á methraða og var stöðugildum fjölgað verulega. Kjör leikskólakennara voru bætt. Í litlu bæjarfélagi munar um hvert stöðugildi. Þannig vildi meirihluti Sjálfstæðismanna tryggja að áfram yrði staðið við 14 mánaða inntökualdur á leikskólana. Minnihlutinn í bæjarstjórn gagnrýndi aðgerðarplanið og einu lausnir þeirra voru hækkun inntökualdurs. Um 55% af skatttekjum fóru í fræðslu- og uppeldismál á síðasta ári, og hækkaði um rúm eitt prósentustig. Hækkunin nemur rúmum 200 milljónum króna. Mestu munar þó um hækkun í félagsþjónustunni, en málaflökurinn hefur hækkað úr 10,2% í 16,8% af skatttekjum á aðeins tveimur árum. Mikið verkefni er framundan að ná jafnvægi í þessum störu og mikilvægu málaflökum.

Blikur á lofti

Uppbygging hefur verið metnaðarfull á síðustu árum. Nýtt fimleikahús er risið í samstarfi við Reykjavíkurborg og hjúkrunarheimilið Seltjörn var tekið í notkun fyrr á árinu. Spáð er samdrætti í efnahagslífinu á næstu misserum og rekstur bæjarins þarf að taka mið af því. Því er enn mikilvægara að bærinn komist á réttan kjöl fljótt. Það er forgangsverkefni bæjarráðs og bæjarstjórnar. Annað mætir afgangi. Ný byggð mun brátt rísa í Byggðörðum og Seltirningum fjölga. Þannig munu skatttekjur aukast og rekstur styrkjast á tekjuhliðinni líka.

Skuldaviðmið breytist lítið

Skuldahlutfall bæjarins jókst töluvert á síðasta ári og á því eru eðlilegar skýringar. Reykjavíkurborg greiðir tvo þriðju hluta af fimleikahúsinu og ríkið greiðir 85% af hjúkrunarheimilinu auk þess að reka það. Áhugavert er að rífa upp hugmyndir minnihlutans um stækkun íþróttahússins og rekstur hjúkrunarheimilisins, en þær fólust í að bærinn sjálfur ætti bara taka þetta á kassann. En Seltjarnarnesbær stóð að byggingu þessara mannvirkja skv. samningum, tók lán á 2,5% vöxtum og innheimtir svo kröfurnar aftur tilbaka af ríki og borg. Skuldaviðmið bæjarins má vera 150% skv. lögum. Við útreikning þess

má draga veltufjármuni frá heildarskuldum og núvirði leigugreiðslna við ríkið, enda ríkistryggt krafa á móti skuldum. Samkvæmt ofangreindu er skuldaviðmið bæjarins tæp 32% og verður 36% á næsta ári. Þannig er efnahagur bæjarins afar sterkur.



Magnús Örn Guðmundsson

Samstillt átak

Á næstu vikum og mánuðum verður ráðist í aðgerðir til að rétta við rekstur bæjarins. Það er krefjandi verkefni og til þess þarf samstillt átak. Gæluverkefni mæta afgangi og einblínt verður á grunnþjónustu. Á sama tíma mun minnihlutinn líklega koma með töfralausnina sína; hækkan skatta! Í því samhengi er rétt að benda á að hér eru skatttekjur á íbúa í krónum talið með því hæsta sem gerist. Eitt af loforðum Sjálfstæðismanna fyrir sveitarstjórnarkosningarnar fyrir ári síðan var að skattar yrðu ekki hækkaðir. Það loforð verður ekki svikið.

Magnús Örn Guðmundsson
Forseti bæjarstjórnar og formaður bæjarráðs.

Sterk skólamenning á Nesinu „bíddu“

Þorleifur Örn Gunnarsson, grunnskólakennari á Seltjarnarnesi, varabæjarfulltrúi Samfylkingarinnar og nú einnig í 50% starfi við afleysingar í Félagsmiðstöðinni Selineu spyr í grein sinni í Nesfréttum, „Er ekki allt svo frábært á Seltjarnarnesi?“ og virðist hafa töluverðar áhyggjur af skólastarfi á Seltjarnarnesi.

Hann talar um að það ríki fullkomin óvissa um framhaldið í Grunnskóla Seltjarnarness vegna þess að bæjarfélagið sé að gera kröfu um niðurskurð í skólanum og talar um að bærinn hreyki sér af skólanum en viti ekki hvert stefni. Á árinu 2018 fóru 55% skatttekna bæjarfélagsins eða tæpir 2 milljarðar króna í fræðslu – og uppeldismál hjá Seltjarnarnesbæ. Árið 2017 var það hlutfall 53,8% svo ekki er nú niðurskurðurinn mikill þar á milli ára. Við höfum verið að gera átak í frístundinni þar sem verið er að auka samfellu í þjónustu við börn og ungmenni á nesinu og höfum verið að ráða þar inn meira af menntuðum starfsmönnum eins og ákall hefur verið um og ætti starfsmanni í Félagsmiðstöð og skóla að vera fullkunnugt um það. Við stækkuðum leikskólann á síðasta hausti og bættum í til að mæta óskum foreldra í bæjarfélaginu um leikskólaláss svo þjónustan hefur nú verið aukin á ýmsum sviðum. Það er ekki hægt að gera allt í einu en við erum vissulega að horfa til framtíðar með okkar aðgerðum.

Ég vil biðja Þorleif Örn að gera grein fyrir

upphrópunum sínum. Það væri gott að fá þessar áhyggjur og tillögur inn á borð skólanefndar svo hægt sé að greina þær. Síðast liðið vor áttu Þorleifur Örn, fræðslustjóri og bæjarstjóri fund saman þar sem hann lagði fram áætlun um endurnýjun á tölvubúnaði grunnskólans. Ég fékk upplýst að sú tillaga hefði verið borin undir skólastjóra og í framhaldi af því hefðu verið keyptar 70 Chrome tölvur ásamt fjölda „Ípada“ svo eitthvað sé nefnt í því skyni að horfa til framtíðar í skólastarfinu. Voru þetta plástrar eins og Þorleifur Örn talar um í grein sinni, var þessi tillaga þín ekki til framtíðar heldur bara plástur.

Síðan fullyrðir þú að meirihlutinn fylgist ekkert með hvað sé að gerast í málefnum kennara, það er alrangt. Bæjarstjóri og stjórnendur innan SSH hafa marg ítrekað áhyggjur sínar um nýliðun í kennaranáminu. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem félagi þinn Guðmundur Ari bæjarfulltrúi og starfsmaður Félagsmiðstöðvarinnar á Nesinu situr nú í stjórn, hvað hafið þið lagt til á þeim vettvangi? Þú talar um að 38% starfsmanna séu með háskólapróf og séu á sjötugsaldri, hvað kemur það málinu við. Við erum stolt af okkar reynslumikla kennarahópi sem við viljum halda sem lengst í.

Hvaða flóðbylgja er á leiðinni? Fræðslustjóri bæjarins fylgist mjög vel með öllum málum varðandi grunnskólann, þar erum við með sterkt

stjórnunarteymi og ég veit að skólastjórnendur fylgjast vel með nýliðun kennara enda Grunnskóli Seltjarnarness í samstarfi við KHÍ varðandi kennaranema. Ég hef ekki orðið vör við að þú sem starfsmaður grunnskólans hafir lagt fram neina tillögu um breytingu í skólastarfi til bæjarstjórnar né til skólastjórnenda sem borist hefur okkur í skólanefnd. Gaman væri að heyra nánar frá þér varðandi áhyggjur þínar og tillögur til úrbóta.

Við höfum skýra framtíðarsýn í þessum málaflökki, nemendum líður sem betur fer vel í skólanum og námslega koma nemendur mjög vel út og mega starfsmenn skólans vera stoltir af árangrinum. Nú stefnum við að því að halda skólaþing næsta haust þar sem íbúar fá tækifæri að láta skoðanir sínar í ljós og koma fram með tillögur að nýrri menntastefnu bæjarins til framtíðar. Vinnuhópur hefur verið skipaður til að fara fyrir því starfi ásamt fræðslustjóra og ég hlakka til að sjá niðurstöðu þeirrar vinnu. Þar væri lag að koma að þínum tillögum að úrbótum svo ég hvet þig til að leggja þitt af mörkum.

Sigrún Edda Jónsdóttir



Sigrún Edda Jónsdóttir

Mætum á völlinn í sumar og styðjum Gróttu til sigurs!



Meistaraflokkur karla í knattspyrnu í Gróttu 2019.



Meistaraflokkur kvenna í knattspyrnu í Gróttu 2019.





Sumarið loksins hafið



Sumarið er loksins hafið hjá meistaraflokki karla og kvenna eftir mikla undirbúningsvinnu í vetur hjá leikmönnum og þjálfurum. Meistaraflokkur karla komust áfram í 32-liða úrslit Mjólkurbikarsins eftir 8-2 sigur á Álftanesi og 10-0 sigur á KFR. Drengirnir dattu út úr bikarnum eftir 2-1 tap gegn Pepsi Max deildar liði Fylkis.

Þegar þetta er skrifað eru strákarnir með fjögur stig í Inkasso-deildinni eftir 3 leiki, eftir 2-0 tap gegn Víkingi Ó. og dramatískt 2-2 jafntefli gegn Þrótti R. vann Gróttu síðan frábæran 3-2 sigur gegn Þór fyrir norðan. Frábær mæting var á fyrsta heimaleik karlaliðsins gegn Þrótti R. og vonum við að mætingin og stemningin haldi áfram að vera svona góð í sumar. Næsti leikur hjá strákunum er gegn Leikni R. á Vivaldivellinum föstudaginn 24. maí kl. 19:15.

Meistaraflokkur kvenna sigraði Leikni R. 7-0 í fyrstu umferð Mjólkurbikarsins og stelpurnar mættu Augnablik í annari umferð bikarins og tapaðist sá leikur 4-1. Íslandsmótið hefst síðan á Vivaldivellinum sunnudaginn 19. maí kl. 14:00. Liðin hlakka til að sýna Seltirningum og fleiri fótboltaáhugamönnum uppskeru vetrarins og vonast eftir stuðningi á vellinum í sumar. Áfram Gróttu!



Eru á toppi B-deildar Faxaflóamótsins

A-lið 5. flokk kvenna vann B-deild Faxaflóamótsins með fullt hús stiga. Stelpurnar unnu sjö leiki af sjö í mótinu og skoruðu í þeim 33 mörk.

Þær innsigliðu titillinn í

Grindavík í dag. B-liðið endaði í 3. sæti í sínum riðli eftir 3 sigra og 3 töp. C-liðið er á toppi síns riðils en önnur lið eiga leiki til góða svo það á eftir að koma í ljós hvar stelpurnar enda.

Knattspyrnskóli Gróttu



fyrir börn fædd 2009-2013

Hvert námskeið er í tvær vikur frá 9-12 en boðið er upp á viðveru frá kl. 8. Skráning fer fram á grotta.felog.is

Námskeið 1: 11. - 21. júní

Námskeið 2: 24. júní - 5. júlí

Námskeið 3: 8. - 19. júlí

Námskeið 4: 22. - 2. ágúst

Verð: 7.900 kr.

Hægt er að kaupa 1/2 námskeið á 3.950 kr.

VIVALDI



HEIMALEIKJAKORT GRÓTTU 2019

Gildir á alla heimaleiki hjá meistaraflokki karla og kvenna sumarið 2019

11 karla leikir
6 kvenna leikir

Verð: 7500 kr.
Tvö á 12.000 kr.
4500 kr. fyrir 16-25 ára

Pantanir berast á
jarunnmaria@grottusport.is



Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

Opnunartímar:

Mánud. Þriðjud. og miðvikud.
13:00-14:30

Fimmtudaga
13:00-14:30 og 17:00-19:30

Föstudaga
13:00-14:30

Laugardaga og sunnudaga
13:00-17:00

Skólar og sérhópar:

Mánudag til föstudags 10:00 til 15:00.

1X2

GETRAUNANÚMER
GRÓTTU ER
170

Lífræn verslun og kaffihús í 101 Allt úr besta hráefninu



Möntruhringir sem eru líka hálsmen



Möntrubönd í úrvali



Jógadýnur og fylgihlutir úr umhverfisvænum niðsterkum korki

Viridian
- framúrskarandi
vítamín
og bætiefni



Ómótstæðilegir



Lífrænn undursamlegur jógafatnaður



Bar sem andinn býr í efninu

BLÁR DRYKKUR Á
BOÐEFNABARNUM GEGN BLÚS

Afgreiðslutími:
Mán: 10-16
Þri-fös: 10-18
Lau: 11-16

ÓÐINSGÖTU 1, REYKJAVÍK
systrasamlagid.is
@systrasamlagid
Sími: 511 6367

BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999



S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK

SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins að þessu sinni er Bjarki Daniel Þórarinnsson. Hann útskrifaðist frá Valhúsaskóla vorið 2018 og hefur í vetur stundað nám á náttúrufræðibraut í MR. Bjarki er metnaðarfullur í öllu sem hann tekur sér fyrir hendur. Hann lauk í fyrra miðprófi á básunum og hefur tekið þátt í fjölbreyttum tónlistarverkefnum síðan. Bjarki hefur æft handbolta frá því hann var 6 ára og spilar stöðu markvarðar.



Fullt nafn? Bjarki Daniel Þórarinnsson.
Fæðingard. og ár? 14. maí 2002.
Starf? Nám við Menntaskólann í Reykjavík.

Farartæki? Strætó, hjól eða bara tveir jafnskjóttir.

Helstu kostir? Glæðlyndur, traustur vinur, hjartahlýr, gefst aldrei upp.

Eftirlætis matur? Hamborgari.

Eftirlætis tónlist? Allt sem kemur mér í gott skap.

Eftirlætis íþróttamaður?

Mohamed Salah.

Skemmtilegasta sjónvarpsefnið?

Black mirror.

Besta bók sem þú hefur lesið?

Bróðir minn Ljónshjarta.

Uppáhalds leikari? Chris Pratt.

Besta kvikmynd sem þú hefur séð?

Inception.

Hvað gerir þú í fristundum þínum?

Ég mæti á handboltaæfingar, spila á básúnuna, fer í ræktina og hitti vini mína.

Fallegasti staður sem þú hefur komið á? Fjaðrárglúfur.

Hvað metur þú mest í fari annarra?

Hreinskilni, jákvæðni og samkennd.

Hvern vildir þú helst hitta?

David Attenborough.

Uppáhalds vefsíða? Quizlet.com,

mjög mikilvægt í framhaldsskóla.

Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf? Íþróttaskóla.

Hvað myndir þú gera ef þú ynnir 10 milljónir í happdrætti? Ég myndi fara í heimsreiðu og setja afganginn inná bankann.

Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri í einn dag?

Ég myndi láta setja upp stórt og gott hundagerði, lengja opnunartíma sundlaugarinnar um helgar og skipta skólahreystisvellingum hjá Való út fyrir battavöll.

Að hverju stefnir þú í framtíðinni?

Er ótrúlega óákveðinn, það eru svo margar möguleikar. Held ég stefni bara á að vera hamingjusamur.

Hvað gerðir þú í sumarfríinu?

Ég vann í unglingavinnunni, ferðaðist um norðurland og fór til Spánar.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Sverrir Einarsson



Margrét Á. Guðjónsdóttir



Kristín Ingólfsdóttir



Hannes Ó. Sampsted

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242





VERNDAÐU HÚÐINA ELSKAÐU STRÖNDINA



LAUST VIÐ
OCTINOXATE & OXYBENZONE

protect &
moisture